

Fundargerð háskólaráðs

319. fundur 1. október 2012

í stofu 262, Borgum, kl. 12.35-14.55

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.35.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA

Edward H. Huijbens forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála – RMF

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 318. fundar, mál til kynningar

"[málsnúmer]"

- Fundargerð 318. fundar var samþykkt.
- Rektor sagði frá ferð sinni og Emblu Eirar Oddsdóttur á Icelandic

Greenlandic Arctic Science Days í september. Yfirskriftin var Climate Change/Cultural and Human Development in the Arctic. Milli HA og háskólans í Nuuk er formlegt samstarf um kennslu í hjúkrunarfræði og lagadeild HA (Polar Law) og Rannsókna og þróunarstofnun HA – RHA hafa óformleg tengsl við Grænland.

26/10
SRS
BS
R.A.
HEA
Ⓟ

- Rektor fer í nóvember á rektorafund University of The Arctic í Winnipeg. Þar verður m.a. fjallað um það hvort önnur þjóðríki en þau sem eru á norðurslóðum eigi að hafa virka aðkomu að verkefnum sem tengjast norðurslóðamálefnum.
- Háskólafundur verður 19. október og þá verða kosnir tveir fulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráð og tveir til vara. Desemberfundur verður síðasti fundur núverandi háskólaráðs. Áætlaður fundardagur er 17. desember.
- Framkvæmdastjórn býður stjórnendum í HA upp á námskeiðið Stjórnendapjálfun sem Þekkingarmiðlun hefur umsjón með.

2. Rekstraryfirlit janúar-ágúst/september

1210028

Úlfar dreifði og útskýrði yfirlit yfir rekstrarstöðuna sem sýnir áætlaða stöðu 24. september. Staða kennsludeilda er 72,05% af áætlun og staða stoðþjónustu/stjórnsýslu 65,39% en viðmiðið er 66,67%. Staða ýmissa verkefna er 60,96% af áætlun og staða stofnana og setra með eigin tekjur 58,41%.

Það dregur úr hallarekstri viðskipta- og raunvísindasviðs eins og gert var ráð fyrir og verður umframkostnaður við rekstur sviðsins í árslok væntanlega um 20%.

Úlfar gerir ráð fyrir að endanleg rekstrarniðurstaða í árslok verði í samræmi við það sem reiknað var með við endurskoðun áætlunar um mitt ár. Til þess þarf þó að sýna fyllsta aðhald í rekstrinum.

Ólafur minnti á að rekstur háskólans er kominn í gott horf og uppsafnaður rekstrarhalli að mestu greiddur niður.

3. Nansensstaðan, niðurstaða ráðgefandi nefndar

1205042

Frestað.

4. Dómnefndarálit, Ragnheiður Harpa Arnardóttir

1206034

Bragi Guðmundsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Bragi gerði grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi Ragnheiðar Hörpu til að hljóta framgang lektor-dósent.

RS
SJ R.A.
HEA

Dórnnefnd metur hana hæfa til að hljóta framganginn. Bragi gat þess að dórnnefnd mun hafa nokkuð mörg framgangsmál í vinnslu á næstunni vegna þess að nýjar reglur taka gildi 1. nóvember næstkomandi. Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundinum. Háskólaráð staðfesti dórnnefndarálitið einróma.

5. Rannsóknamiðstöð ferðamála – RMF, kynning

"[málsnúmer]"

Edward H. Huijbens kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn.

Edward sagði frá stjórnskipulagi og fjármálum RMF. Velta miðstöðvarinnar jókst mjög milli ára 2011 og 2012 eða úr um 15 mkr. í um 50 mkr. Ástæðan er styrkur frá ráðuneyti atvinnu- og nýsköpunarmála til þriggja ára, samtals 105 mkr. og fer fjárveitingin gegnum Háskólann á Akureyri. Fimm ný verkefni eru á vegum RMF vegna þessa. Áætlað er að bæta við starfsfólki og munu þrír starfsmenn verða á Akureyri og tveir-þrír í Reykjavík á næsta ári. RMF heyrir undir ráðuneyti atvinnu- og nýsköpunarmála.

Í umræðu kom fram að fundarmenn álitu það mjög mikilvægt að RMF yrði áfram á Akureyri meðal annars vegna tengsla við nám í ferðamálafræði og nám í hagnýtri náttúrufræði. Tillaga að meistaranámi í ferðamálafræði við HA er til en hefur ekki enn náð fram að ganga. Fundarmenn töldu æskilegt að í tengslum við áðurnefnd verkefni á vegum RMF yrði meistaranám við HA.

Ákveðið var að taka fyrir á öðrum fundi gerð samnings um rekstur RMF.

Rektor þakkaði Edward fyrir og fór hann af fundinum.

6. Staða innleiðingar Uglunnar

1210006

Rektor fór yfir minnispunkta Steinunnar Aðalbjarnardóttur dags. 1. október. Brýnustu verkefni þessa dagana eru:

Stúdentakort

Endurskoðun skráninga námskeiða haustmísseris og staðfesting

Skráning nemenda í námskeið vormísseris

Námskeiðsmat

Námskrá

Skoðunaraðgangur að stofuyfirliti og námskeiðasýsli fyrir almenna starfsmenn.

SRS.
BS SJ R.A.
HEA
A

Ákveðið var að skipa verkefnahóp Uglunnar innan HA í samræmi við minnispunktana.

7. Skipun fulltrúa í Félagsstofnun stúdenta á Akureyri 2012-2014

1209027

Samþykkt var að skipa Ólaf Búa Gunnlaugsson fulltrúa HA í stjórn FÉSTA 2012-2014.

Ákveðið var að fá Jónas Steingrímsson framkvæmdastjóra FÉSTA á háskólaráðsfund til að upplýsa háskólaráð um starfsemina.

8. Skipun staðgengils rektors 2012-2013

1209030

Tillaga rektors um að skipa Sigurð Kristinsson áfram staðgengil rektors var samþykkt.

9. Önnur mál

"[málsnúmer]"

Rektor vakti athygli á ráðstefnu stúdentahreyfinganna á Íslandi um gæðamál íslenskra háskóla, sem haldin verður í HA 6. okt. að frumkvæði stjórnar FSHA.

Fundarmenn lýstu mikilli ánægju með framtakið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.55.

26/10'12
Þinn Svabjörnsdóttir
Svabjörnsdóttir
Krislín Ástgeirsdóttir
F. Fundarm.
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir
